

Hafnarfjarðarbær
Skrifstofa skipul. og bygg.sv.
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



Reykjavík 15. september 2015
UST201507-023/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðar við Stekkjarberg í Hafnarfirði

Umhverfisstofnun hefur sent til Hafnarfjarðarbæjar umsögn með athugasemdum varðandi tillögu að deiliskipulagi lóðar nr. 9 við Stekkjarberg. Lóðin Stekkjarberg 9 liggur að fólkvanginum Stekkjarhrauni sem er fiðlýst svæði. Stekkjarhraun var friðlýst sem fólkvangur í apríl 2009. Í auglýsingu um friðlýsinguna koma fram markmiðin með friðlýsingunni og eru þau eftirfarandi:

„Markmið með friðlýsingu svæðisins Stekkjahrauns sem fólkvangs er að vernda útivistarsvæði í fögru hraunumhverfi þar sem jafnframt er athyglisvert gróðurlendi og sérstakar menningarminjar. Aðgengi að svæðinu er gott og er það því ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu.

Með friðlýsingunni er einnig verið að vernda votlendisbletti við Lækinn þar sem hann rennur með Stekkjarhrauni, en þar vaxa m.a. horblaðka og starir sem eru fágætar tegundir í þéttbýli.“

Umhverfisstofnun hefur skoðað aðstæður á vettvangi og vill auk umsagnar sinnar dags. 6. ágúst sl. koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Umhverfisstofnun bendir á að þegar gerðar framkvæmdir hafa raskað verulega vatnsbúskap fólkvangsins og orðið til þess að tjarnir og votlendi innan hans hafa dregist saman og minnkað verulega. Að mati Umhverfisstofnunar er hættu á að við áætlaðar framkvæmdir á lóðinni muni grunnvatn og þar með tjarnir og votlendi innan fólkvangsins raskast enn frekar. Einnig bendir stofnunin á að svo mikið byggingarmagn eins og deiliskipulagstillaga lóðarinnar sýnir, svo þétt við fólkvanginn kemur til með að rýra náttúruverndargildi og útivistargildi fólkvangsins. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við gerð áætlana fyrir lóðina nr. 9 við Stekkjarberg verði tekið tillit til fólkvangsins og aðstæðna innan hans þ.m.t. tjarna og votlendis.

Virðingarfyllt

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

